Kannski bara heimþrá

Nína Gautadóttir komin frá Kamerún og sýnir málverk á Kjarvalsstöðum

– Kemur þetta flatt uppá þig? spurði Nína þegar blaðamaður hljóp um sýningu hennar uppsetta á Kjarvalsstöðum, og svarið gat ekki verið annað en já; ég bjóst við þráðum og tuskum og þrívíddarvef, eða leðurverkum eða afrískum goðamyndum, en ekki allavega litum grófstroknum málverkum.

– Já, segir Nína nýkomin frá Kamerún, – það veit enginn af því en ég tók lokapróf í málverki í París,. og er núna komin í það aftur. Byrjaði í hittifyrra, eða eiginlega á að líma pappamyndir og mála þær, og svo flæddi inní kjallarann hjá mér og allt eyðilagðist og þá fór ég að vinna í varanlegra efni, þetta þróaðist svona.


Nína er í heimsókn, hefur eiginlega ekki komið aftur síðan hún fór til Parísar að læra fyrir fimmtán árum, og á undanförnum árum búið bæði í Níger og Kamerún í Afríku með eiginmanni sínum, frönskum byggingarverkfræðingi.

– Leðurverkin sem ég sýndi hérna síðast voru undir áhrifum frá Níger, en ég var byrjuð að mála áður en ég fór aftur. Já, ég er hætt við þræðina einsog er, þetta var soldið erfitt, fyrirferðarmikið, þegar maður býr alltaf hálfgert í ferðatöskum. Og mér fannst líka að ég væri farin að gera það sama aftur og aftur, varð að finna nýja aðferð, nýtt tjáningarform, – ósköp er þetta orðið hátíðlegt hjá mér. Fór þessvegna að mála, ég öfunda fólk sem getur tjáð sig alltaf í sama forminu, það hlýtur að vera þægilegt.

– Framtíðin er alveg á huldu. Þegar við förum í frí frá Afríku er öllu pakkað ofaní töskurnar einsog maður komi ekki aftur, en það veit enginn. Mér finnst ég reyndar alltaf vera á leiðinni heim, og kem kannski bráðum að vera í nokkur ár, – það er eiginlega maðurinn minn sem vill það.

– Það er allt annar stíll á þessum málverkum núna en þegar ég fékkst síðast við að mála, þau eru miklu expressífari, ég var miklu rólegri áður. Ég held að þetta séu helst áhrif frá náttúrunni, ef til vill frá veðrinu á Íslandi, – kannski er þetta bara heimþrá.

–m



Nína við eitt verka sinna á Kjarvalsstöðum: Finnst ég alltaf vera á leiðinni heim



Ljóð

Sjón í leikfanga-köstulum

Skáldið Sjón hefur sent frá sér nýja ljóðabók sem heitir þetta: **Leikfangakastalar, sagði hún, það er ekkert til sem heitir leikfangakastalar.**

Í bókinni eru ellefu ljóð ort í London, París og Reykjavík, útgefandi **Einhver djöfullinn – Medúsa.**

Sjón er eitt kunnasta ljóðskáld af yngstu kynslóð, og hefur gefið út ýmislegan kveðskap, einn og í félagi við aðra úr svonefndum Medúsuhóp. Hann fæst líka við myndlist og brúðugerð. Bókin er gefin út í 300 eintökum.



Vovka Stefán Ashkenazy.

Píanó

Vovka í Austur-bæjarbíó

Í dag klukkan fimm heldur Vovka Stefán Ashkenazy pianótónleika í Austurbæjarbíó á vegum Tónlistarfélagsins.

Vovka er sonur Vladimir Ashkenazy og Þórunnar Jóhannsdóttur, fæddur í Moskvu '61, alinn upp mestanpart á Íslandi, lærði á píanó hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni og síðar í Englandi, útskrifaðist frá Manchester-skóla '83. Hann ferðast nú um heiminn til hljómleikahalds og þykir góður.

Á efnisskránni í dag eru tvær Beethoven-sónötur, Mozart-sónata og Schubert-sónata.

Þýskaland

Velheppnuð höfundavika

SAM og Þorgeir meðal norrænna rithöfunda á kynningarviku í Hamborg. Lítið þýtt úr íslensku í Vestur-Þýskalandi

Þeir Sigurður A. Magnússon og Þorgeir Þorgeirsson eru rétt nýkomnir frá Hamborg þar sem þeir tóku þátt í norrænni bókmenntaviku í tengslum við samtök bóksala í Vestur-Þýskalandi, og sagði Sigurður í spjalli við Þjóðviljann að þessi kynningarvika hefði heppnast einkar vel og áhugi á norrænum bókmenntum reynst ótrúlega mikill.

Þarna voru mættir 22 höfundar frá Norðurlöndum, lásu úr verkum sínum á þýsku í bókasöfnum og bókabúðum, ræddu við rithöfunda í borginni, heimsóttu stúdenta í Hamborg og Kiel og vöktu athygli á sýningu norrænna bóka í þýskum þýðingum.

Upplestrarkvöld höfundanna voru fjölsótt og fjölmiðlar sýndu norrænu vikunni mikinn áhuga; þykir hérmeð ljóst að þjóðverjar eru forvitnir um bókmenntir norðan við sig. Hinsvegar komust íslensku gestirnir að því í heildaryfirliti um útgáfu íslenskra bókmennta í Vestur-Þýskalandi síðari ár að þar er einkar fátæklegt um að litast, aðallega fornbókmenntir og þjóðsögur, Laxness auðvitað, en lítið annarra samtímahöfunda, tvær bækur eftir Sigurð A. Magnússon, ljóð Matthíasar Jóhannessen í myndabók frá Íslandi og Íslendingabók Gylfa Þ. Austur-þjóðverjar hafa verið mun öflugri við íslenska útgáfu (enda er þar brúarsmiðurinn Bruno Kress meðal annarra) en bókatengsl milli þýsku ríkjanna eru ekki mikil.

Raunar þótti mönnum norrænar bækur eiga undir högg að sækja í Sambandslýðveldinu, falla í skuggann fyrir velauglýstum metsölubókum annarrar ættar, og var rætt um að úr gæti ræst með aukinni samvinnu forlaga um útgáfu og kynningu.

Gæti því vikan í Hamborg um miðjan apríl orðið undanfari stærri tíðinda.

– m.



Norrænn rithöfundahópur í Hamborg: Göran Tunström frá Svíþjóð, Sigurður A. Magnússon, Þorgeir Þorgeirsson, Åse-Marie Nesse frá Noregi, Tobias Berggren frá Svíþjóð, Ingvar Ambjørnsen frá Noregi, Cecilie Løveid frá Noregi.